



NÁMSVÍSIR

6. bekkur

Umsjónarkennarar:

Adam Sigurðsson

Ingibjörg Dröfn Halldórsdóttir

María Erian Guðmundsdóttir

2025-2026

STAPASKÓLI
Dalsbraut 11, 260 Reykjanesbær

Efnisyfirlit

Almennar upplýsingar	2
Viðmiðunarstundaskrá	2
Stapamix og samþætting námsgreina	2
Læsi fyrir lífið	2
Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir	3
Matsferill	3
Námsmat	3
Íslenska	5
Stærðfræði	7
Samfélagsgreinar	9
Náttúrugreinar	11
Lykilhæfni	14
Enska	16
Hönnun og smíði	17
Heimilisfræði	18
Sjónlist	20
Textílmennt	21
Skólaíþróttir og sund	22
Upplýsinga- og tæknimennt	24

Almennar upplýsingar

Í Stapaskóla er unnið samkvæmt menntastefnu Reykjaneshæjar. Í henni eru þrjú leiðarljós sem eiga að einkenna allt starf með börnum í Reykjaneshæ. Þau eru :



Viðmiðunarstundaskrá í 6. bekk

Íslenska	6 kennslustundir (40 mín.)
Stærðfræði	6
Samfélagsgreinar	6
Náttúrufræði	3
Enska	3
Stapamix	2
Upplýsingar og tæknimennt	1
Smiðjur	5
Íþróttir og sund	3

Samtals: 35 tímar á viku

Stapamix og samþætting námsgreina

Námsgreinarnar fléttast oft saman á margvíslegan hátt. Í samfélagsfræði og stærðfræði þjálfast nemendur jafnframt í íslensku þar sem þeir þurfa bæði að lesa og skrifa. Í íslensku kemur fyrir að nemendur beiti stærðfræði. Lífsleikni kemur mikið við í flestum námsgreinum þar sem reynir á samskiptahæfni og tillitssemi. Byrjendalæsi er hugtak yfir samþættingu læsis sem fer fram í flestum námsgreinum. Í Stapaskóla vinnum við einnig þvert á árganga en þá tíma köllum við Stapamix. Í 6. bekk vinnum við Stapamix í samvinnu með 5. bekk.

Læsi fyrir lífið

Læsi fyrir lífið er þróunarverkefni sem felur í sér að efla læsi nemenda á mið- og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Aðferðin byggir á að nýta samvirkar læsiskennsluaðferðir og samþætta vinnu með orðaforða, lesskilning, lesfimi, ritun, samræðu, tjáningu og hlustun í skólastarfi. Markmiðið er að efla læsisfærni nemenda ár frá ári og að læsi fléttist inn í allt skólastarf alla daga ársins. Í verkefninu verður lögð áhersla á læsi sem grunn að námi, læsi flæðir yfir allt nám í skólanum og inn í allar námsgreinar. Lögð verður sérstök áhersla á fjóra grunnþætti læsis:

- Lestur og lesskilning
- Lesfimi
- Ritun og miðlun
- Samræðu, tjáningu og hlustun

Virðing, öryggi og jafnrétti – fræðsla og forvarnir

Forvarnir og fræðsla gegn kynbundnu og kynferðislegu áreiti og ofbeldi fer fram í öllum árgöngum og er stuðst skýrslu UNESCO. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast.

Áherslur 6. bekkjar eru heilsufar og sjúkdómar, ég og sjálfsmyndin, ofbeldi og birtingarmynd ofbeldis, mörkin okkar, umburðarlyndi og virðing, örugg notkun upplýsinga og kynbundið ofbeldi.

Matsferill

Matsferill er safn matstækja sem gefur heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda á mismunandi stigum skólagöngunnar. Hlutverk Matsferils er að nota hann til að fylgjast með námi hvers og eins nemanda til að tryggja að hann fái kennslu og stuðning við hæfi og að veita mikilvægar upplýsingar um stöðu skólakerfisins í heild. Frá og með skólaárinu 2025–2026 verða stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði hluti af Matsferli. Stöðu- og framvindupróf verða skyldubundin í 4., 6. og 9. bekk en hægt er að leggja þau fyrir alla árganga frá 4. til 10. bekk.

Matsferill byggir á hringrás námsmats og kennslu. Niðurstöður eru notaðar til að greina styrkleika og áskoranir nemenda, móta kennsluáætlanir og veita viðeigandi íhlutun. Allar niðurstöður eru skráðar í Frigg gagnagrunninn og tengjast þar öðrum upplýsingum sem varða farsæld og velferð nemenda.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum greinum. Hæfniviðmið eru metin í gegn um verkefni og fær nemandi hæfnitákn fyrir hvert verkefni. Fleiri en eitt hæfniviðmið geta verið metin í hverju verkefni en hæfnitáknið sem nemandi fær fyrir lokið verkefni er heildarmat á öllum hæfniviðmiðum verkefnisins. Í hæfnikortið safnast svo hæfni sem er metin á hverju stigi, en nemandi byrjar með autt hæfnikort í 1., 5. og 8. bekk.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar. Fyrir neðan má sjá almenna skýringu á hverju matsviðmiði.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Í vinnslu:** nemandi hefur hafið verkefni en þarf lengri tíma til að ljúka við það en tímarammi gaf til kynna
- **Undanþága:** nemandi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Í vinnslu
	Undanþága

Íslenska

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í íslensku fyrir 5.-7. bekk í sex þætti; Talað mál, hlustun og áhorf, Lestur og lesskilningur, Bókmenntir, Ritun og Mál og málnotkun. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7.bekk.

FRAMSÖGN flutt mál sitt skýrt og áheyrliga og gert sér grein fyrir undirstöðuatriðum góðrar framsagnar.	TJÁNING gert grein fyrir þekkingu sinni og reynslu og tjáð hugmyndir sínar og skoðanir frammi fyrir hópi.	HLUSTUN OG ÁHORF hlustað og horft af athygli á fjölbreytt efni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það og greint frá aðalatriðum.	ÁHORF horft af athygli á myndefni, beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sýnt er og greint frá aðalatriðum.
NÝTING MIÐLA nýtt sér myndefni og stafrænt efni á gagnrýninn hátt og greint frá aðalatriðum þess.	LESFIMI lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálfvirkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á tilgangi og merkingu texta.	LESTRARAÐFERÐIR beitt lestraraðferðum sem hafa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni.	ORÐAFOÐI beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda.
LESSKILNINGUR skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýninn hátt.	LESTRARMENNING valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.	LESTUR OG TÚLKUN BÓKMENNTA lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt.	BÓKMENNTAGREINING beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjölbreyttar bókmenntir.
BÓKMENNTAARFURINN lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi.	LJÓÐ notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum.	SKRIFT OG FRÁGANGUR miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnarlausan innslátt á lykilorð og gengið frá texta samkvæmt fyrirmælum.	UPPBYGGING TEXTA skrifað texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar.
TEXTATEGUNDIR OG MÁLNOTKUN skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi.	TJÁNING Í TEXTA tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum.	STAFSETNING OG GREINARMERKJASETNING beitt algengum atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.	EINKENNI MÁLSINS beitt málfræðiþekkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni málsins og málnotkun sína.
FJÖLBREYTT MÁLNOTKUN notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun.	SKÖPUNARKRAFTUR nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.	ORÐFLOKKAR áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.	GÖGN OG HJÁLPARTÆKI nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um tungumál.

Hæfniviðmið sem kennd eru í 6.bekk.

ORÐTÖK OG MÁLSHÆTTIR
notað algeng orðtök og
málshætti í töluðu máli og
rituðu og greint notagildi þeirra
í texta.

BÓKMENNTAARFURINN
lesið einfalda texta frá fyrri
tímum og áttað sig á því að þeir
mótist af sögulegu samhengi.

Kennsluefni og gögn

Fjölbreytt lesefni við hæfi, s.s. bækur af bókasafni, dagblöð og fræðitextar. Verkefni eru gjarnan samþætt við aðrar greinar. Notuð eru fjölbreytt námsspil og stuðst við ýmiss lesskilningsverkefni.

Dæmi um kennslubækur:

- Málrækt 2
- Orðspor 1 lesbók og vinnubók
- Skrift 4
- Skrift 5
- Lestrarbækur/ sögubækur

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Nemendur fara þrisvar yfir skólaárið í lesfimiþróf, í september, janúar og maí. Einnig er lagt fyrir nemendur sem glíma við erfiðleika í lestri hliðarþróf, sjónrænn orðaforði og orðleysur. Lesskilningskönnunin Orðarún er lögð fyrir í október og febrúar auk þess sem Aston Index stafsetningarkönnun er lögð fyrir í nóvember og apríl.

Lesfimiviðmið við lok 6. bekkjar:

- 176 orð eða meira á mín.- mjög góður árangur.
- 156-175 orð á mín. - góður árangur.
- 106-155 orð á mín. - nokkuð góður árangur
- 0 – 105 orð á mín. - nemandi þarfnast aðstoðar.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögnum og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.

- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Stærðfræði

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í stærðfræði fyrir 5.-7. bekk í fimm þætti; Vinnulag stærðfræðinnar, Tölur og reikningur, Algebra, Tölfræði og líkindi og Rúmfraði og mælingar. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7.bekk.

VERKFÆRI OG HLUTBUNDIN GÖGN nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn til að rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.	SAMRÆÐUR OG TJÁNING tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og spurt spurninga til að leita lausna.	TÁKNMÁL OG HUGTÖK notað rétt heiti yfir stærðfræðitákni, nýtt þau af nákvæmni við útreikninga og yfirfært milli táknmáls og daglegs máls.	ÞRÓUN AÐFERÐA þróað hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum.
SANNANIR metið hvort sönnun eða einföld rök byggð á stærðfræðilegum eiginleikum eru gild.	ÞRAUTALAUSNIR leyst þrautir og rökstutt svör.	RANNSÓKNARVINNA unnið skipulega, einn og í samvinnu, að því að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með því að kanna, rannsaka, greina og meta.	KYNNINGAR undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
RÖÐUN TALNA OG TALNAMENGI raðað ræðum tölum eftir stærð og útskýrt tengsl þeirra við heiltölur.	NÁMUNDUN nýtt sér námundun við útreikninga með heiltölum og tugabrotum.	SÆTISKERFI notað tugakerfisrithátt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun tugabrota.	GRUNNREIKNIAÐGERÐIR nýtt sér grunnreikniaðgerðirnar fjórar og reiknað með náttúrulegum tölunýtt sér grunnreikni-aðgerðirnar fjórar og reiknað með ræðum tölum.
HLUTFÖLL sett hlutfall fram sem almennt brot, tugabrot og prósentu og beitt þeim við rauntengd viðfangsefni.	REIKNIREGLUR nýtt sér reiknireglur, tengsl reikniaðgerðanna og forgangsroð aðgerða við útreikninga.	MYNSTUR kannað og búið til rúmfræðileg mynstur og nýtt sér táknmál algebrunnar til að vinna með þau.	HNITAKERFI teiknað og staðsett punkta í hnitakerfi og notað hnit til að teikna flatarmyndir.
FÖLL rannsakað og sett fram talnarunur og lýst þeim með myndum, orðum og fallstærðum.	ÓÞEKKTAR STÆRÐIR notað bókstafi til að tákna óþekktar stærðir og reiknað með þeim.	JÖFNUR OG ÓJÖFNUR fundið lausnir á jöfnum með því að nota algengar reiknireglur.	MYNSTUR hliðrað, speglað eða snúið flatarmyndum, til dæmis við rannsóknir á mynstrum.
GAGNAVINNSLA safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau með fjölbreyttum hætti.	TÖLFRÆÐIKANNANIR gert einfaldar tölfræðikannanir og framkvæmt einfalda tölfræðiútreikninga.	MYNDRIT lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.	LÍKINDATILRAUNIR dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.

TUNGUMÁL notað hugtök rúmfræðinnar til að lýsa eiginleikum hversdagslegra og fræðilegra fyrirbrigða.	VERKFÆRI rannsakað, gert tilraunir og teikningar með því að nota rúmfræðiforrit og hlutbundin gögn.	MYNSTUR hliðrað, speglað eða snúið flatarmyndum, til dæmis við rannsóknir á mynstrum.	SKÝRINGARMYNDIR rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir og notað til þess mælikvarða og einslögungun.
TÍMI OG KLUKKAN beitt jafngildi milli ólíkra tímaeininga til að ákvarða liðinn tíma af nákvæmni.	MÆLIEININGAR beitt tengslum á milli lengdar-, flatar-, rúmmáls-, tíma- og massaeininga metrakerfisins innbyrðis.	MÆLINGAR áætlað og mælt massa, lengd, rúmmál, hraða, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.	TVÍVÍÐ FORM áætlað, mælt og reiknað hornastærðir, ummál og flatarmál marghyrninga og gráður í hringgeira.
	ÞRÍVÍÐ FORM áætlað og reiknað rúmmál og yfirborðsflatarmál þrístrendings, réttstrendings og píramída.	LÍKINDAREIKNINGUR reiknað út líkur í einföldum tilvikum.	

Hæfniviðmið sem kennd eru í 6.bekk.

REIKNIHUGSUN OG FORRITUN notað forritun til að rannsaka gögn í töflum.	FJÁRMÁL nýtt stærðfræði til að takast á við verkefni er tengjast helstu hugtökum persónulegra fjármála og haldið utan um eigin fjármál.
--	---

Kennsluefni og gögn

Unnið er með stærðfræðiforrit í tölvum og spjaldtölvum. Nemendur nota ýmiss hjálpargögn eins og brotabúta, námsspil, talnagrindur, vasareikni og einingakubba. Kennarar nota einnig annað fjölbreytt efni til að efla hæfni.

Dæmi um kennslubækur:

- Stika 1b
- Stika 2a nemendabók og æfingahefti.
- Stika 2b nemendabók og æfingahefti..

Námsmat

Námsmat byggir á fjölbreyttum matsaðferðum þar sem eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar: kunnátta, færni, skilningur, frumkvæði, vinnubrögð og frumleiki. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og eru niðurstöður birtar á Mentor þegar þær liggja fyrir.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Samfélagsgreinar

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í samfélagsgreinum fyrir 5.-7. bekk í sex þætti; Vinnulag samfélagsgreina, Sjálfsmynd, Siðferði og trú, Borgaravítund, Saga og Jörðin okkar. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7.bekk.

HUGTÖK útskýrt og notað mikilvæg hugtök samfélagsgreina.	UPPLÝSINGALÆSI aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar.	SKOÐANAMYNDUN metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum úr heimildum á ólíku formi og myndað sér eigin skoðanir.	GAGNRÝNAR UMRÆÐUR spurt opinna spurninga og tekið þátt í umræðu um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.
SETJA SIG Í SPOR ANNARRA sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.	MIÐLUN miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum málefnum á fjölbreyttan hátt.	LÝÐRÆÐISLEGT SAMSTARF tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.	FÉLAGSMÓTUN lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á eigin sjálfsmynd, svo sem úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu.
ÞARFIR rætt um heilbrigða lífshætti og samskipti og ræktað mikilvægar þarfir.	TILFINNINGAR lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.	HUGARFAR lýst með dæmum mikilvægi jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfars og seiglu fyrir eigin þroska.	SJÁLFSPEKKING gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og hvernig hægt er að vinna með þá þætti á uppbyggilegan hátt.
VIRÐING sýnt virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett sér mörk í samskiptum og lýst því hvernig það er hægt.	STAÐALMYNDIR lýst staðalmyndum og fordómum í samfélaginu og áhrifum þeirra og áttað sig á skaðsemi þeirra.	KYNJAFRÆÐI beitt hugtökunum kyn, kynhneigð og kynhlutverk og áttað sig á fjölbreytni hínseginleikans.	VIRÐING FYRIR FJÖLBREYTTLEIKA dregið fram ólíkan bakgrunn fólks og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.
TRÚ OG LÍFSVIÐHORF rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.	TRÚARBRÖGÐ gert grein fyrir völdum frásögnum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.	ÁHRIF TRÚARBRAGÐA borið saman valin trúarbrögð og lífsviðhorf og áhrif þeirra á líf fólks.	REGLUR rætt reglur í samskiptum fólks og tilgang þeirra og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.

MANNRÉTTINDI rætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekki vel til Barna-sáttmála Sameinuðu þjóðanna.	SAMFÉLAGSGERÐ fjallað um ólíkar samfélagsgerðir og hvernig þær tengjast lífi einstaklinga.	LÝÐRÆÐI lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta hér á landi.	STJÓRNKERFI gert grein fyrir hlutverki mikilvægra stofnana samfélagsins.
VELFERÐARSAMFÉLAG gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd þeirra í samfélaginu.	SAMNEYSLA áttað sig á hvernig og hvers vegna kostnaður við ýmsa grunnþjónustu er greiddur af sameiginlegum sjóðum samfélagsins.	SLYSAVARNIR séð gildi slysavarna og þekkt viðbrögð við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.	UMFERÐARREGLUR gert grein fyrir umferðarreglum og helstu umferðarmerkjum og nýtt í daglegu lífi.
GETA TIL AÐGERÐA sett sig inn í málefni samfélagsins, áttað sig á möguleikum til áhrifa og sýnt það í verki með ábyrgum hætti.	SÖGULEGAR HEIMILDIR metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtið.	FJÖLSKYLDAN gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum.	HEIMABYGGÐ greint samhengi umhverfis, sögu, menningar og mannlífs í heimabyggð og tengsl við önnur landsvæði.
ÍSLANDSSAGA fjallað um einkenni og þróun íslensks samfélags.	SAGA fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar.	SÖGULEG ÞRÓUN áttað sig á að sagan hefur mótað af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, atferli, lífsviðhorfum, samfélags-skipulagi og atvinnuháttum.	ÁHRIF SÖGU Á SAMTÍMANN útskýrt með dæmum hvernig sögulegir atburðir hafa áhrif á samfélög og líf fólks í samtímanum.
KORTALÆSI notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga og vinna úr þeim og sett upp einföld kort.	SAMFÉLÖG varpað ljósi á ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks á jörðinni.	AUÐLINDIR skýrt hvernig notkun mannsins á auðlindum getur haft margvísleg áhrif á lífsgæði og lífbreytileika.	NEYSLUSAMFÉLAGIÐ lýst í grófum dráttum ferli daglegra neysluvara, uppruna þeirra, flutningi, sölu, nýtingu, förgun, endurvinnslu og kolefnisspori.
ÁHRIF MANNSINS skýrt með dæmum áhrif tækni og mannlegra athafna á samfélag, loftslag og umhverfi.	SJÁLFBÆR ÞRÓUN fjallað um hvað sjálfbær þróun felur í sér.	ÁBYRGÐ Á NÁTTÚRUVERND skýrt með dæmum mikilvægi náttúruverndar og þess að allir leggi sitt af mörkum.	

Hæfniviðmið sem kennd eru í 6.bekk.

FJÁRMÁL EINSTAKLINGS
gert grein fyrir útgjöldum vegna þarfa, langana og hegðunar einstaklinga og mikilvægi fyrirhyggju í fjármálum.

Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með efni í tölvum og spjaldtölvum, námsvefi, spil og leiki.

Dæmi um kennslubækur:

- Um víða veröld: heimsálfur
- Norðurlönd
- Trúarbragðavefurinn
- Landafræði. Að rata um heiminn
- Google Maps/Earth á netinu

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Náttúrugreinar

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í náttúrugreinum fyrir 5.- 7. bekk í sex þætti; Vinnulag náttúruvísinda, Umhverfið, Lífið, Efnin, Orkan og Alheimurinn. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Taka skal fram að ákveðin hæfniviðmið eru unnin annað hvert ár í nánu samstarfi við 5. bekk í samþættingu sem nefnist Stapamix. Þau hæfniviðmið snúast um alheiminn, vistkerfi, mannlíkamann og veðurfar.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7.bekk.

HUGTÖK beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúruvísindum við athuganir, í umræðu og textaskrifum.	LÆSI Á GÖGN OG NÁTTÚRU-VÍSINDATEXTA lesið náttúruvísindatexta sér til gagns og endursagt með eigin orðum, túlkað myndrit og skoðað myndefni um náttúrufræði, umorðað og nýtt til útskýringa.	ATHUGANIR framkvæmt, skráð og safnað upplýsingum út frá einföldum athugunum og mælingum úti og inni samkvæmt fyrirmælum.	MIÐLUN kynnt niðurstöður rannsókna, útskýrt hvaða vinnubrögðum var beitt og tekið þátt í umræðum um efnið.
VÍSINDALEG VINNUBRÖGÐ þekkt ferli vísindalegra vinnubragða og unnið eftir þeim í stýrðum verkefnum.	EÐLI VÍSINDALEGRAR ÞEKkingAR rætt muninn á staðreynd og skoðun, tilgátu og kenningu í tengslum við náttúruvísindi.	TENGL VÍSINDA, TÆKNI OG MENNINGAR rætt valin dæmi um samspil tækni, þekkingar og framfara og hvernig hugmyndir manna um heiminn hafa breyst með aukinni þekkingu.	HRINGRÁSIR EFNA OG ORKU lýst samspili lífvera og lífvana þátta.
VISTKERFI lýst mismunandi vistkerfum og nefnt dæmi um áhrif sem nýjar tegundir geta haft á umhverfi sitt.	LÍFFRÆÐILEG FJÖLBREYTNÍ áttað sig á gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengslum við velferð manna og dýra.	NÁTTÚRUVERND rætt um og skilið ástæður náttúruverndar.	VEÐURFAR lýst helstu sérkennum veðurfars við Ísland.
LOFTSLAGSBREYTINGAR útskýrt gróðurhúsaáhrif og tengsl við loftslagsbreytingar.	EINSTAKLINGURINN OG UMHVERFIÐ rætt valin dæmi um tengsl einstaklinga, nærumhverfis og umhverfismála á heimsvísu.	GETA TIL AÐGERÐA skipulagt og tekið þátt í aðgerðum er varða náttúruvernd og umhverfismál í nærumhverfi sínu.	JÖRÐIN útskýrt árstíðirnar og dægraskipti út frá stöðu jarðar í sólkerfinu.
MÓTUN LANDS lýst hvernig náttúruöfl hafa áhrif á myndun og mótun lands.	HAMFARIR lýst helstu sérkennum náttúruhamfara sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð.	TUNGLIÐ lýst gangi tunglsins um jörðina.	SÓLKERFIÐ gert grein fyrir uppbyggingu sólkerfisins.

UPPLIFUN AF NÁTTÚRUNNI lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi.	FLOKKUN OG LÍFSSKILYRÐI LÍFVERA útskýrt helstu einkenni og lífsskilyrði lífvera og tekið dæmi um tengsl þeirra innbyrðis.	PRÓUN nefnt dæmi um náttúruval og aðlögun.	ERFÐIR skilið að lífverur erfa einkenni forfeðra sinna.
BYGGING OG STARFSEMI PLANTNA sagt frá hvernig plöntur nýta ljóstillífun til að afla næringar.	BYGGING OG STARFSEMI SVEPPA sagt frá rotverum og hvernig sveppir afla næringar.	BYGGING OG STARFSEMI DÝRA sagt frá einkennum helstu hópa dýra.	LÍFFÆRI OG LÍFFÆRAKERFI lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starf- semi þeirra í grófum dráttum.
KYNHEILBRIGÐI lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.	HEILSA rætt hvernig einstaklingur getur stuðlað að líkamlegu og andlegu heilbrigði.	ALHEIMURINN gert grein fyrir staðsetningu jarðarinnar í vetrarbrautinni.	

Hæfniviðmið sem kennd eru í 6.bekk.

ÖRVERUR nefnt dæmi um gagn og skaðsemi örvera.	FRUMUR áttað sig á að frumur eru grunneining lífs á jörðinni.	BYGGING OG STARFSEMI PLANTNA sagt frá hvernig plöntur nýta ljóstillífun til að afla næringar	NÁTTÚRUAUÐLINDIR OG SJÁLFBÆR NÝTING áttað sig á mikilvægi þess að nýta náttúruauðlindir án þess að ganga um of á þær.
--	--	--	---

Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með myndefni í tölvum og spjaldtölvum, ýmis árstíðabundin verkefni, grenndarkennsla og netið.

Dæmi um kennslubækur:

- Náttúrulega 1
- Náttúrulega 2
- Námsmatsbanki á MMS

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, tilraunir, leikir og stöðvavinna.
- Stapamix; Samþætting námsgreina og árganga. 6. bekkur vinnur þá náið með 5. bekk í ákveðnu þemaverkefni tengt t.d. alheiminum, veðri, mannslíkama og vistkerfi.

- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Lykilhæfni

Lykilhæfni hefur verið skilgreind sem sú hæfni sem einstaklingar þurfa að hafa til að geta tekist á við stöðugar breytingar í lýðræðislegu samfélagi. Hæfniviðmiðin snúa því að nemandanum sjálfum og eru ætluð til þess að stuðla að alhliða þroska hans. Í greinarsviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í Lykilhæfni fyrir 5.-7. bekk í fimm þætti; Tjáning og miðlun, Skapandi og gagnrýnin hugsun, Sjálfstæði og samvinna, Nýting miðla og upplýsinga og Ábyrgð og mat á eigin námi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7.bekk.

TJÁNING tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran hátt.	TILLITSSEMI brugðist við upplýsingum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.	SAMSKIPTI rætt um viðfangsefni þannig að áhugi viðmælanda sé vakinn.	ORÐAFORÐI aukið orðaforða sinn og beitt honum á ólík umfjöllunarefni.
MIÐLUN valið úr ólíkum leiðum til miðlunar.	SPYRJANDI HUGARFAR spurt fjölbreyttra spurninga og nýtt þær til rannsókna á fjölbreyttum fyrirbærum.	SKÖPUN bent á hugmyndir eða möguleika sem ekki hafa komið fram áður.	LÆRT AF MISTÖKUM lært af mistökum og séð möguleika til framfara.
RÖKRÆÐA fært rök fyrir ólíkum skoðunum.	ÁLYKTUN tekið upplýsta afstöðu til gagna og upplýsinga og dregið eigin ályktanir.	GAGNRÝNIN HUGSUN bent á ólík sjónarhorn og tekið rökstudda afstöðu í málum af fjölbreyttu tagi.	SJÁLFSTÆÐI sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
SAMVINNA unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi.	SAMSTARF gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og lagt sitt af mörkum.	ÁBYRGÐ tekið ákvarðanir um eigið nám og hagsmuni með tilliti til annarra.	LEIÐSÖGN nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að ná námsmarkmiðum.

ÁREIÐANLEIKI áttað sig á hvert á að leita til að afla áreiðanlegra upplýsinga og miðlað þeim áfram á réttan og ábyrgan hátt.	UPPLÝSINGAÖFLUN OG MIÐLANÓTKUN nýtt fjölbreytta miðla til upplýsingaöflunar og tekið upplýsta afstöðu til áreiðanleika þeirra,	VANDVIRKNI OG NÁKVÆMNI skilið að framsetning og gæði upplýsinga er háð mörgum þáttum og þekkt mikilvægi þess að vanda val og notkun á heimildum.	SJÁLFSÞEKKING sett sér markmið á grunni persónulegra styrkleika og tileinkað sér hugarfar vaxtar.
MARKMIÐASETNING sett sér persónuleg og námsleg markmið, ígrundað árangur og mistök.	ÍGRUNDUN metið nám sitt skipulega og sett sér markmið um viðfangsefni eða hæfni.	ÁRANGUR OG SJÁLFSÞEKKING skilið viðmið um árangur og unnið að þeim.	NÁMS- OG STARFSFRÆÐSLA tengt eigin áhuga fjölbreyttum námsleiðum og störfum.

Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með efni í tölvum og spjaldtölvum, námsvefi, spil og leiki. Verkefni þessarar námsgreinar eru að mestu samþætt við aðrar greinar.

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Nemendur fá leiðsögn og hvatningu á meðan vinnu stendur og fer mat fram á allri verkefnavinnu nemenda. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögnum og með samræðum við nemendur, hópefli, sjálfstæð verkefnavinna og leikir.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Enska

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í erlendum tungumálum á 1.-3. stigi í sex þætti; Hlustun og áhorf, Lestur og lesskilningur, Samskipti, Frásögn, Ritun og Menningarlæsi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 6.bekk.

GREINING UPPLÝSINGA hlustað eftir einföldum upplýsingum og nýtt sér í námi sínu.	FJÖL- OG MYNDMIÐLAR fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglinga.	FRÁSAGNIR OG KYNNINGAR skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim.	BÓKMENNTIR lesið stuttar sögur og bækur á einföldu máli sér til ánægju.
RAUNTEXTAR skilið megininntak einfaldra rauntexa með stuðningi ef þarf.	ORÐAFORÐI lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.	AÐRAR NÁMSGREINAR lesið stutt og auðlesið efni tengt öðrum námsgreinum.	GREINING AÐALATRÍÐA fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
ÓFORMLEGT SAMTAL spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.	ALMENN SAMSKIPTI tekist á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum.	SAMRÆÐUR tekið þátt í einföldum samræðum í skólastofunni.	TJÁNING tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt.
FRAMSÖGN tjáð sig nokkuð skiljanlega hvað varðar framburð og áherslur.	FLUTNINGUR flutt einfalt atriði sem hann hefur haft tækifæri til að æfa.	FRÁSÖGN OG KYNNING undirbúið og flutt einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel.	ENDURSÖGN skrifað einfalda texta um efni sem tengist námi hans.
SAMFELLDUR TEXTI skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við.	MÁLNOTKUN byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki.	PERSÓNULEG REYNSLA skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel.	SKAPANDI RITUN samið stutta texta frá eigin brjósti.
SAMFÉLAG sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins.	FJÖLBREYTILEIKI gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði.	SKYLDLEIKI OG AFBRIGÐI TUNGUMÁLA sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.	

Kennsluefni og gögn

Kennarar nota fjölbreytt efni til að efla skilning og hæfni. Unnið er með myndefni í tölvum og spjaldtölvum, og netið.

Dæmi um kennslubækur:

- Yes we can 6 (les- og vinnubók).

Námsmat

Reglulega er lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga nemenda. Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru, birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Notuð er bein kennsla bæði með innlögn og með samræðum við nemendur, sýnikennsla, hópavinna, sjálfstæð verkefnavinna, leikir og stöðvavinna.
- Leitast er við að allir nemendur fái kennslu og þjálfun við sitt hæfi, hvort sem námsefnið er einfaldað, sambærilegt eða þyngra/flóknara.

Hönnun og smíði

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í hönnun og smíði fyrir 5.-7. bekk í þrjá þætti; Verklag, Sköpun, hönnun og tækni og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7.bekk.

VERKFÆRI
þekkt ýmis verkfæri og mælitæki sem notuð eru í formun smíðaeigna og útskýrt virkni þeirra.

EFNISVAL
þekkt algengustu smíðaeigni og útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra.

SMÍÐAÐFERÐIR
framkvæmt algengustu aðferðir festinga og útskýrt notkun þeirra.


VINNUVERND
útskýrt réttar vinnustellingar, valið viðeigandi hlífðarbúnað og gert sér grein fyrir samhengi góðrar umgengni og öryggisþátta.

VINNUTEIKNING
útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.

VINNUFERLI
lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.

ORKA OG TÆKNI
hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virkniþættir eru að verki í ýmsum hlutum.

TÆKNILÆSI
lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi og almennt í samfélaginu.



Kennsluefni og gögn

Unnið er á skapandi hátt með fjölbreytt smíðaeefni. Verkefnin fela í sér að nemendur kynnast mismunandi verkfærum og smíðaaðferðum.

- Efnið sem nemendur nota eru að mestu leyti krossviður, mdf og fura.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Nemendur læra að hanna og skipuleggja vinnuferli. Þeir vinna út frá eigin hugmyndum og teikningum og velja yfirborðsmeðferð sem hentar verkefninu í samstarfi við kennarann.
- Nemendur læra að nota viðeigandi verkfæri sem henta fyrir hvert verkefni.
- Nemendur endurnýta og flokka allt sem á að henda í smíðastofunni.
- Farið er yfir þær slyshættur sem eru í smíðastofunni, rétt vinnubrögð og réttar vinnustellingar.
- Lögð er áhersla á vönduð vinnubrögð og góða umgengni.

Heimilisfræði

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í heimilisfræði fyrir 5.-7. bekk í þrjá þætti; Verklag, Lífshættir og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7.bekk.

LÍFSHÆTTIR tjáð sig um heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn.	NÆRING skilið og tjáð sig á einfaldan hátt um aðalatriði ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis.	HREINLÆTI öðlist færni í hreinlæti og þrifum tengdu matreiðslu.	SAMFÉLAG sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins.
FJÖLBREYTTLEIKI gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði.	SKYLDLEIKI OG AFRIGÐI TUNGUMÁLA sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.	UMHVERFI sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.	MENNING tjáð sig um þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.

Hæfniviðmið sem kennd eru í 6.bekk.

NEYTENDUR skilið mismunandi umbúðamerkingar og þekki helstu geymsluaðferðir.
--

Kennsluefni og gögn

Nýtt eru ýmis áhöld og hráefni úr kennslueldhúsi.

Dæmi um kennslubækur:

- Gott og gagnlegt 2
- Efni frá kennara

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Nemendur matreiða, baka, framreiða, þrífa og ganga frá.
- Nemendur fá þjálfun í notkun á ýmsum áhöldum við bakstur og matreiðslu.

Sjónlist

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í sjónlistum fyrir 5.-7. bekk í þrjá þætti; Sköpun, Greining og úrvinnsla og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7. bekk.

LÍFSHÆTTIR tjáð sig um heilbrigða lífshætti eins og næringu, hreyfingu og svefn.	NÆRING skilið og tjáð sig á einfaldan hátt um aðalatriði ráðlegginga um mataræði frá embætti landlæknis.	HREINLÆTI öðlist færni í hreinlæti og þrifum tengdu matreiðslu.	SAMFÉLAG sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins.
FJÖLBREYTILEIKI gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði.	SKYLDLEIKI OG AFBRIGÐI TUNGUMÁLA sýnt að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.	UMHVERFI sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við jafnrétti og sjálfbærni og áttað sig á uppruna helstu matvæla.	MENNING tjáð sig um þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.
TJÁNING tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu.	UMFJÖLLUN OG ENDURGJÖF fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur.	GREINING OG SAMHENGI greint og fjallað um listaverk og áhrif myndmáls í umhverfinu og samfélaginu.	HUGTÖK beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.
AÐFERÐIR OG NÁLGUN greint að einhverju leyti á milli mismunandi aðferða við gerð listaverka.	TILGANGUR OG SAMHENGI gert grein fyrir margvíslegum tilgangi myndlistar og hönnunar.	STEFNUR OG STRAUMAR þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka.	

Kennsluefni og gögn

Ýmis áhöld og efni sem nýtast í myndmennt. Náms efni er mismunandi eftir verkefnum. Stuðst er við bækur um myndlist í sögulegu samhengi, bækur um einstaka listamenn, upplýsingar af netinu. Ennfremur er kynning og kennsla á þeirri tækni sem beitt er við myndsköpun.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Innlögn verkefna er margvísleg m.a. í formi glærुकynninga, hugstormun og sýnikennslu eftir því sem við á hverju sinni.

- Nemendur fá þjálfun í notkun á ýmsum áhöldum og efnum sem notuð eru við myndsköpun.

Textílmennt

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í textílmennt fyrir 5.-7. bekk í þrjá þætti; Verklag, Sköpun, hönnun og tækni og Menning og umhverfi. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7.bekk.

ÁHÖLD beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar.	EFNISVAL unnið úr fjölbreyttum textílefum.	ÚTFÆRSLA unnið með einföld snið og uppskriftir.	VINNUVERND þekkt mikilvægi viðeigandi líkamsstöðu og geti beitt líkanum rétt við vinnu sína.
HUGMYNDAVINNA þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli.	SKÖPUN OG SKREYTING notað fjölbreyttar aðferðir að eigin vali við skreytingu textílaforða.	HUGTÖK útskýrt eigið verk og notað til þess hugtök greinarinnar.	MIÐLAR nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um hugmyndavinnu, hönnun og útfærslu á þeim.
TÆKNI nýtt hugbúnað við hönnun eigin mynsturs eða myndefnis fyrir textílvinnu.	EFNISFRÆÐI fjallað um efnisfræði svo sem eiginleika náttúru efna og gerviefna.	MERKINGAR skilið helstu tákni og merkingar textílefna.	ENDURNÝTING nýtt endurunnin efni í textílvinnu og gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.
MENNING greint og fjallað um hefðir í textílvinnu á Íslandi og sett í samhengi við sögu.			

Kennsluefni og gögn

Ýmis áhöld og efni sem nýtast í textílmennt. Náms efni er mismunandi eftir verkefnum og nýtt eru margs konar textílefni. Ennfremur er kynning og kennsla á þeirri tækni sem beitt er við sköpun textílverka.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Unnið er á skapandi hátt með fjölbreytt efni.
- Nemendur fá þjálfun í notkun á ýmsum áhöldum við fjölbreytta textílvinnu.

Skólaíþróttir og sund

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í skólaíþróttum fyrir 5.-7. bekk í þrjá þætti; Líkamsvitund, færni og afkastageta, Félagslegir þættir, Heilsa og heilsuefning, Öryggi og hreinlæti og Sund. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7.bekk.

ÞOL gert æfingar sem reyna á loftháð þol í íþróttum.	STYRKUR gert æfingar með eigin líkamsþyngd sem reyna á styrk og stöðugleika.	LIÐLEIKI gert æfingar sem reyna á liðleika og hreyfigetu.	SAMHÆFING sýnt útfærslu hreyfinga þannig að þær renni vel saman.
TAKTUR gert einfaldar rytmískar æfingar og fylgt takti.	HÓPÍÞRÓTTIR tekið þátt í mismunandi hópíþróttagreinum.	EINSTAKLINGSÍÞRÓTTIR tekið þátt í einstaklingsíþróttum.	STÖÐLUÐ PRÓF nýtt sér stöðluð próf í íþróttum til að meta eigið þrek og hreysti.
TILFINNINGAR skilið mikilvægi jákvæðra samskipta.	VIRKNI skilið mikilvægi stundvísi, aga og sjálfstæðra vinnubragða í tengslum við góðan árangur.	LEIKREGLUR þekkt helstu leikreglur í leikjum, hóp- og einstaklingsíþróttum.	HÁTTVÍSI farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik.
MARKMIÐASETNING, ÍÞRÓTTIR sett sér langtímamarkmið í íþróttum.	MARKMIÐASETNING, HEILSURÆKT sett sér langtímamarkmið í heilsurækt.	MARKMIÐASETNING HREYFIFÆRNI nýtt sér niðurstöður úr stöðluðum prófum til að vinna að eflingu hreyfingar.	LÍFFRÆÐIÞEKKING tengt hlutverk taugakerfis, hjarta, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu.

ÚTIVISTARBÚNAÐUR valið viðeigandi fatnaðar og mikilvægan búnað til útivistar og nýtt hann.	ÚTIVIST skipulagt að einhverju leyti útivist í fjölbreyttu landslagi, tekið þátt, fylgt áætlunum og varast hættur sem fylgt geta.	HEILSUEFLING sýnt almenna þekkingu á heilsueflandi líferni.	HEILSURÆKT tekið þátt í alhliða heilsurækt sem er í boði utan skóla.
MÆLINGAR notað mælingar til að leggja mat á lipurð og samhæfingu.	VIRKNI tekið þátt og sýnt virkni í leikjum.	ÖRYGGISREGLUR gert sér grein fyrir mikilvægi helstu öryggis- og umgengnisreglna og brugðist við óhöppum.	SKYNDIHLÁLP framkvæmt grunnatriði skyndihjálpar.
HREINLÆTI skilið mikilvægi eigin ábyrgðar á hreinlæti og heilbrigði við alla íþróttaiðkun.	FJÖLBREYTTAR SUNDADFERÐIR beitt fjölbreyttum sundaðferðum.	HEILSUEFLING eftl eigin heilsu í vatni.	POLSUND gert æfingar sem reyna á loftháð þol í 300 metra sundi.
SPRETTSUND gert æfingar sem reyna á loftfirt þol í 12 metra sundi.	BRINGUSUND sýnt leikni og synt 25 metra bringusund viðstöðulaust.	BAKSUND sýnt leikni og synt 25 metra baksund viðstöðulaust.	SKRIÐSUND sýnt leikni og synt 25 metra skriðsund viðstöðulaust.
KAFSUND sýnt leikni og synt 8 metra kafsund viðstöðulaust.	BJÖRGUNARSUND synt björgunarsund með jafningja að lágmarki 12 metra.	POL Í VATNI troðið marvaða í hálfa mínútu.	

Kennsluefni og gögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með íþrótt- og sundfatnað og handklæði til að fara í sturtu að tíma loknum.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Nemendur fá fræðslu um og tækifæri til markvissrar heilsuræktar og heilsueflingar
- Lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á mikilvægi markvissrar heilsuræktar og heilsueflingar fyrir líkamlega, andlega og félagslega vellíðan.
- Nemendur fá innsýn, fræðslu og þjálfun í fjölbreyttum íþróttagreinum.
- Áhersla er lögð á að skapa nemendum aðstæður til að þróa með sér seiglu og þrautseigju.

Upplýsinga- og tæknimennt

Í greinasviði Aðalnámskrár grunnskóla frá árinu 2024 skiptast hæfniviðmiðin í upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7. bekk í þrjá þætti; Upplýsinga- og miðlalæsi, Sköpun og miðlun, Stafræn borgaravitund og Lausnaleit. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á margskonar hæfni.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið sem kennd eru í 5.-7.bekk.

NÝTING SKÓLASAFNS nýtt skólasafn til þekkingar- öflunar í stýrðu námi og á eigin forsendum til gagns og ánægju.	UPPLÝSINGALEIT nýtt leitarvélar, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar.	GREINING OG ÚRVINNSLA GAGNA lagt mat á gæði ýmissa upplýsinga og áttað sig á fjölbreytileika stafræns efnis.	KYNNINGAREFNI nýtt hugbúnað við gerð margvíslegra kynninga.
RITVINNSLA nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.	VINNSLA TÖLULEGRA GAGNA nýtt hugbúnað við gagnasöfnun og framsetningu á tölulegum gögnum.	LJÓSMYNDIR OG KVIKMYNDUN nýtt tæki og hugbúnað við ljósmyndun og stuttmyndagerð.	MYNDVINNSLA OG MYNDSKÖPUN nýtt tæki og hugbúnað við einfalda hönnun, myndvinnslu og myndsköpun.
HLJÓÐVINNSLA nýtt tæki og hugbúnað við upptökur og einfalda hljóðvinnslu.	NETMIÐLUN nýtt hugbúnað við netmiðlun.	JAFNVÆGI Í STAFRÆNNI NOTKUN OG VELLÍÐAN hugað að eigin heilsu og vellíðan við notkun stafrænnar tækni og gert sér grein fyrir mikilvægi jafnvægis í skjátíma.	FRIÐHELGI OG ÖRYGGI gert sér grein fyrir mikilvægi þess að vernda persónuupplýsingar og friðhelgi einkalífs í stafrænu umhverfi og áttað sig á hverjum sé hagur af því að safna stafrænum upplýsingum.
STAFRÆNT FÓTSPOR OG AÚÐKENNI rætt og útskýrt að öll netnotkun einstaklinga skilur eftir sig spor í stafrænu umhverfi til langframa.	VIRÐING Í STAFRÆNU UMHVERFI gert sér grein fyrir helstu hættum í stafrænu umhverfi og þekkt vel ólíkar leiðir til að tilkynna ólöglegt og vafasamt efni á netinu og að samfélagsmiðlar hafa áhrif á samskipti.	SAMSKIPTAREGLUR, ORÐRÆÐA OG VIRÐING Í STAFRÆNUM SAMSKIPTUM nefnt helstu netöryggis- og samskiptareglur og tekið ábyrgð á eigin nethegðun og beitt leiðum til að vernda sig og aðra fyrir neteinelti.	STAFRÆNN STUÐNINGUR nýtt stafrænan stuðning í námi.
VARÐVEISLA GAGNA flokkað og vistað gögn á öruggan hátt.	TÖLVUR OG SNJALLTÆKI nýtt mismunandi tegundir tölva, snjalltækja og jaðartækja til menntunar.	NOTKUN HUGBÚNAÐAR OG EINFÖLD FORRITUN nýtt hugbúnað og tæki á fjölbreyttan hátt og til að leysa fjölbreyttar þrautir. Hafa fengið kynningu á grunnhugtökum í forritun.	

Hæfniviðmið sem kennd eru í 6.bekk.

HEIMILDANOTKUN unnið með heimildir í samræmi við höfundarrétt og sett fram einfalda heimildaskrá
--

Kennsluefni og gögn

Upplýsinga- og tæknimennt er þverfaglegt námssvið þar sem nemendur læra að umgangast og nota þann tæknibúnað sem skólinn býr að.

Dæmi um námsgögn:

- Nemendur nýta tölvur og spjaldtölvur.
- Nemendur vinna mest allt gegnum í Microsoft Office og þeim forritum sem fylgja því. Einnig er mikið unnið á netvöfrum s.s. Google og Microsoft edge, svo og teikni- og myndaforrit ýmiskonar.
- Nemendur nýta skólabókasafn.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat sem felst í því að árangur nemenda er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið. Hæfniviðmið sem metin eru birtast foreldrum á Mentor.

Kennsluhættir

- Áhersla er lögð á einstaklings- og hópverkefni.
- Nemendur vinna fjölbreytt verkefni og kynna á ýmsan hátt með hjálp upplýsingatækni.
- Forrit og öpp í upplýsinga- og tæknimennt eru notuð til að þjálfa upplýsingaleit, læsi og miðlun og virkja stafræna borgaravitund.